


**KARATESAMBAND
ÍSLANDS**

Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

ÍSLANDSMEISTARAMÓT FULLORÐINNA Í KATA 2011

Íslandsmeistaramótið í kata fullorðinna var haldið laugardaginn 5.mars og fór fram í íþróttahúsi Seljaskóla. Góð þátttaka var á mótinu og sendu 5 félög keppendur til leiks. Nýir Íslandsmeistarar voru krýndir í öllum flokkum en besta afrekið vann Aðalheiður Rósa Harðardóttir frá Akranesi sem varð tvöfaldur Íslandsmeistari í kata. Aðalheiður vann einstaklingsflokkinn eftir góða baráttu við Svönu Kötlu Þorsteinsdóttur frá Breiðablik, Aðalheiður vann svo einnig hópkata með félögum sínum Dagnýju og Valgerði. Í karlaflokkum varð Magnús Kr. Eyjólfsson, Breiðablik, Íslandsmeistari eftir góða rimmu við Kristján Helga Carrasco, Víking. Í hópkata karla unnu svo ungu strákarnir frá Breiðablik þeir Birkir, Davíð og Heiðar en þess má geta að þeir eru yngstu einstaklingarnir til að vinna hópkata á fullorðinsmóti enda rétt 16 og 17 ára. Þegar heildarstiginn voru reiknuð saman þá stóð Breiðablik uppi sem sigurvegari félaga og er því Íslandsmeistari félaga í kata karla með 17 stig. Mótsstjóri var Þrúður Sigurðar og yfirdómari Helgi Jóhannesson.



Magnús Kr. Eyjólfsson og Aðalheiður Rósa Harðardóttir íslandsmeistara í kata 2011.

Heildarúrslit:

Kata karla;

1. Magnús Kr. Eyjólfsson, Breiðablik
2. Kristján Helgi Carrasco, Víking
3. Heiðar Benediktsson, Breiðablik
3. Elías Snorrason, KFR

Kata kvenna;

1. Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Akranes
2. Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik
3. Dagný Björk Egilsdóttir, Akranes
3. Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik

Hópkata karla;

1. Breiðablik, Birkir Indriðason, Davíð Freyr Guðjónsson, Heiðar Benediktsson
2. Haukar, Kristján Ó. Davíðsson, Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, Pálmar Dan Einarsson
3. KFR, Elías Snorrason, Sverrir Magnússon, Sindri Jónsson

Hópkata kvenna;

1. Akranes, Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Dagný Björk Egilsdóttir, Valgerður Elsa Jóhannsdóttir
2. Breiðablik, Svana Katla Þorsteinsdóttir, Kristín Magnúsdóttir, Björg Jónsdóttir
3. KFR, Ingibjörg Halldórsdóttir, Brynja Halldórsdóttir, Guðrún Sævarsdóttir

Heildarstig félaga;

- Breiðablik 17 stig
- Akranes 10 stig
- KFR 5 stig
- Haukar 4 stig
- Víkingur 2 stig